

M-13/2007 Álit 19. júní 2007

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. júní 2007 gaf kæruneftnd- lausafjár og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-13/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. apríl sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á notuðum kæliskáp hjá Y. Gera þurfti við kæliskápinn og greiddi álitsbeiðandi fyrirtækinu Z kr. 33.311 fyrir viðgerðina, sem hann vill að Y endurgreiði sér.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Hinn 25. apríl sl. ritaði kæruneftndin Y bréf og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum, sem berast skyldu nefndinni fyrir 9. maí sl. Andsvörin bárust með bréfi dags. 7. maí. Með bréfi dags. 9. maí voru álitsbeiðanda kynnt andsvörin og gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau, sem hann nýtti sér ekki. Aðilum var tilkynnt með bréfi dags. 5. júní að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt notaðan ísskáp af Y í lok febrúar. Reikningur fyrir kaup á ísskápnum, sem er dags 2. september 2004, fylgdi gögnum málsins, en af honum má sjá að um er að ræða reikning stílaðan á annan en álitsbeiðanda og þá væntanlega fyrri kaupanda ísskápsins. Kaupverð skápsins samkvæmt þessum reikningi var kr. 269.995. Álitsbeiðandi segir að fljótlega, eða eftir u.þ.b. mánuð, hafi klakavélin í ísskápnum bilað. Viðgerð á henni hafi ekki tekist og hafi viðgerðarmaður því sett nýja klakavél í ísskápinn sem þá hafi komist í lag. Fyrir viðgerðina kveðst álitsbeiðandi hafa greitt fyrirtækinu Z kr. 33.311 sem seljandi neiti að greiða en hann haldi því fram að einungis tveggja ára ábyrgð sé á ísskápnum. Á reikningi Z fyrir viðgerðina kemur fram að beðið hafi verið um viðgerð 12. mars sl., viðgerð hafi farið fram 16. mars og hafi þá verið skipt um ísmolavél. Gjaldtagi reikningsins er skráður vera 21. mars. Af framangreindum upplýsingum þykir óhætt að draga þá ályktun að álitsbeiðandi hafi keypt ísskápinn í febrúar á þessu ári enda þótt það komi ekki sérstaklega fram í beiðni hans. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér fjárhæð reikningsins eins og fyrr greinir.

IV

Andsvör gagnaðila

Seljandi kveður það beinlínis rangt hjá álitsbeiðanda að Y hafi neitað að greiða viðgerðarreikninginn. Hið rétta sé að hann hafi verið beðinn um að bíða með greiðsluna þar til niðurstaða fengist um það hvort seljanda væri skylt að greiða reikninginn eða ekki. Álitsbeiðanda hafi verið tjáð að seljandi myndi tryggja að hann þyrfti ekki að bera kostnað sem kynni að leiða af því að greiðsla drægist. Álitsbeiðandi hafi engu að síður

kosið að greiða reikninginn og hafi leitað álits kæruneftndarinnar áður en endanleg niðurstaða hafi fengist.

Seljandi segir það niðurstöðu sína að alls ekki sé ljóst hvað valdið hafi biluninni á ísskápnum en fyrri eigandi, sem hafi verið upprunalegur kaupandi skápsins, hafi aldrei kvartað. Beri því að líta svo á að skápurinn hafi virkað fullkomlega þar til álitsbeiðandi hafi tekið við honum. Ísmolavél sem starfi eðlilega í 2 ár geti ekki hafa verið biluð frá upphafi og sé því sennilegt að bilunin stafi af eðlilegu sliti eða rangri notkun, hugsanlega þegar ísskápurinn hafi verið fluttur á milli staða. Ýmsar spurningar vakni í þessu sambandi sem ómögulegt sé að svara. Seljandi kveðst vera tilbúinn til þess að greiða reikninginn eins og álitsbeiðandi krefjist þrátt fyrir þessa miklu óvissu um hvað valdið hafi biluninni. Segir síðan orðrétt í niðurlagi bréfsins: „Hins vegar væri ákjósanlegt, þar sem undirritaður reynir að vinna af heilindum og læra af þeim atvikum sem upp koma, að fá úrskurð nefndarinnar engu að síður.“

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa og 1. gr. laga um 48/2003 um neytendakaup, en viðskipti aðila falla undir þau lög.

Eins og að framan er rakið var ísskápurinn seldur nýr 2. september 2004. Á því verður að byggja að álitsbeiðandi hafi keypt skápinn í febrúar sl. og að hann hafi því verið tæplega 2½ árs gamall þegar kaupin fóru fram. Álitsbeiðandi hefur lýst því að ísskápurinn hafi verið í lagi í fyrstu, en eftir mánuð eða svo hafi ísmolavélin bilað. Þessar upplýsingar koma heim og saman við það að álitsbeiðandi hafi keypt ísskápinn í febrúar og að viðgerð hafi farið fram 16. mars. Af þessu má draga þá ályktun að ísskápurinn hafi verið í lagi þegar hann var seldur en bilað fljótlega eftir það. Ekkert hefur komið fram um að bilunin geti hafa stafað af atvikum sem álitsbeiðanda verður kennt um.

Seljandi hefur borið það fyrir sig að óupplýst sé af hverju bilun í ísmolavélinni hafi stafað, en telur ljóst að hún hafi ekki verið biluð frá upphafi þar sem engin kvörtun hafi borist frá upphaflegum kaupanda skápsins. Bilunin kunni að stafa af eðlilegu sliti, rangri notkun, hugsanlega þegar ísskápurinn hafi verið fluttur á milli staða. Seljandi er hins vegar reiðubúinn til þess að greiða álitsbeiðanda kostnað við viðgerð á skápnum.

Það er álit kæruneftndarinnar að bilunina á ísskápnum verði að telja galla í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. sömu laga. Bilunin varð u.þ.b. tveimur og hálfu ári eftir að ísskápurinn var seldur nýr. Í gögnum málsins kemur ekki skýrlega fram af hvaða tegund ísskápurinn er. Engu að síður þykir kæruneftndinni óhætt að miða við, svo sem hún hefur áður gert um hliðstæð heimilistæki, að kaupandi hafi mátt gera ráð fyrir að endingartími ísskápsins án bilana, hliðstæðrar þeirrar sem hér um ræðir, yrði a.m.k. lengri en tvö og hálf ár, þrátt fyrir að um notaðan hlut væri að ræða. Þetta leiðir til þess að kæruneftndin telur að líta verði svo á að álitsbeiðandi hafi átt rétt á kvörtunarfresti samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, en sá frestur er að hámarki 5 ár. Það leiðir til þess, eins og hér háttar til, að seljanda ber að greiða viðgerðarreikninginn eins og álitsbeiðandi gerir kröfu um, en það hefur seljandi boðist til að gera.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir